

Nd.

69. Frumvarp til laga

[64. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:
1. Á eftir A. 68 komi nýr liður:
Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.
 2. Á eftir A. 69 komi nýr liður:
Borgarvegur: Af Mýravegi hjá Árbæ, um Einholt, Baldurshaga, Nípu-
garða og Borg á Mýraveg hjá Hólmsárbrú.
 3. Á eftir D. 2 komi nýir liðir:
 - a. *Gunnarsstaðavegur*: Af Strandavegi austan við Hólknárbrú í Gunnarsstaði.
 - b. *Eyjavegur*: Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð, um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
 - c. *Másselsvegur*: Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár, um Grófarsel í Mássel og þaðan á þjóðveginn nálægt Hallgeirsstöðum.
 4. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
 5. Á eftir D. 5 komi nýr liður:
Hlíðarvegur: Af Strandavegi hjá Torfastöðum um Ljósstaði, Vakursstaði og Hlíðarbæi og þaðan á Vesturdalsveg sunnan ár.
 6. D. 7 orðist svo:
Sunnudalsvegur: Af Strandavegi austan við Hofsá, um Sunnudal í Borgir, yfir brúna á Sunnudalsá í Síreksstaði og þaðan yfir Hofsborgartungu um Þorbrandsstaði í Einarsstaði.

7. Við D. 7 bætist: og þaðan á Vopnafjarðarveg utan við Þorbrandsstaði.
8. D. 9 orðist svo:
Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal, í Heiðarenda inn Jökuldal að Merki.
9. Á eftir D. 11 komi nýr liður:
Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi eystri um Litla-Steinsvað, Kleppjárnstaði, Brekku, Lindarhól, á Kirkjubæjarveg, með álmu í Galtastaði fremri.
10. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
11. Á eftir D. 12 komi nýir liðir:
 - a. *Lagarfljótsvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Fljótskletti, um Tjarnarland og Steinsvað á Hróarstunguveg eystri hjá Lagarfossi.
 - b. *Rauðholtvegur:* Af Úthéraðsvegi um Hreimsstaði, Rauðholt og á Hjaltastaðaveg austan Selfljótsbrúar.
12. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
13. Á eftir D. 14 komi nýr liður:
Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn, Skógargerði, Rangá og á Hróarstunguveg eystri.
14. D. 17 orðist svo:
Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.
15. D. 20 orðist svo:
Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Ánastaði, og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum. Af Fjallabæjavegi um Ormsstaði, Ásgeirsstaði, Tókastaði og á Úthéraðsveg hjá Mýnesi.
16. D. 28 orðist þannig:
Skóga- og Fljótsdalsvegur: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg nálægt Valþjófsstað með álmum að Viðivallagerði, um Keldárbrú að Glúmsstöðum.
17. Á eftir D. 28 komi nýr liður:
Jaðarsvegur: Af Skógavegi í Víkingsstaðablá að Jaðri.
18. D. 29 orðist svo:
Skriðdalsvegur: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að Geitdal. Frá Múlaárbrú um Múlastekki, Birkihlíð og Borg að Hjarðarhlíð.
19. D. 36 orðist svo:
Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum og af Norðurdalsvegi um Skarð í Tóarsel.
20. Á eftir D. 38 komi nýir liðir:
 - a. *Kamsnesvegur:* Af Stöðvarfjarðarvegi að Heyklifi á Kamsnesi.
 - b. *Hofsvegur:* Af Austurlandsvegi við Hofsárbrú í Álftafirði að Hofi.
 - c. *Þvottárvegur:* Af Austurlandsvegi við Starmýri að Þvottá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegalagafrumvarp þetta er endurflutt nær óbreytt frá síðasta þingi, en þá náði það ekki fram að ganga sökum þess, að ríkisstjórnin lét í veðri vaka, að hún mundi þá leggja fyrir Alþingi vegalagafrv., byggt á heildarendurskoðun vegalaganna, en reyndin varð sú, að það frumvarp kom aldrei fram.

Breytingartillögur okkar eru í 20 liðum, þar sem lagt er til að bæta viðs vegar við þjóðvegina eystra, og eru þær allar fluttar samkvæmt ítrekuðum óskum hlutað-

eigandi sveitarfélaga. Þeir þáð nú ekki lengri bið en orðið er að koma eitthvað til móts við sveitarfélögin í þessu efni. Veldur þar ekki sízt um, hversu öll vegagerð, sem fullnægt getur nútímakröfum, er vegna dýrtíðarinnar orðin ofboðslega kostnaðarsöm.

Alþingi og ríkisstjórnir hafa líka áður í framkvæmd viðurkennt að sveitar- og sýslufélögunum sé um megn að byggja upp nothæft akvegakerfi á hreppa- og sýsluvegum og því smátt og smátt tekið upp í þjóðvegatölu hluta af þeim. Má segja, að það sjónarmið hafi áður verið mikilsráðandi að framkvæma slíkt stig af stigi, sem næst einu sinni á venjulegu kjörtímabili, og verður að telja, að þar með hafi verið stefnt að því marki, að þjóðfélagið í heild tæki að sér að mestu uppbyggingu og viðhald hins nauðsynlega vegakerfis, hvar sem er á landinu. Þessi þróun hefur þó algarlega stöðvazt á síðustu árum og einmitt þegar verst gegndi, þ. e. á sama tíma og kröfur um traustari vegi og upphlaðna fara sívaxandi vegna meiri umferðarþarfa vetur sem sumar og stærri og þyngri vagna.

Það mun mega fullyrða, að gott vegasamband heim á hvert byggt ból sé ein af meginstoðum þess að varna því, að byggðin í landinu dragist meir saman en orðið er. Alls staðar er í þessu efni skjótra umbóta þörf. Það sýna m. a. þær tillögur um aukna þjóðvegi, sem á hverju ári eru lagðar fram á Alþingi, svo að segja úr hverju kjördæmi landsins. Lakasta og alvarlegasta ástandið í þessu efni mun þó vera á Austurlandi og á Vestfjörðum, og veldur þar miklu um, t. d. á Austurlandi, víðáttu fjórðungsins og hversu byggðin er sundurskorin af fjöllum og stærri og smærri vatnsföllum. Samkvæmt skýrslu frá 1958 voru allir vegir á Austfirðingafjórðungi taldir 2113 km, — þar af sýsluvegir 354 km og hreppavegir 131 km, eða samtals 485 km, en það er meir en fimmti hluti af öllu vegakerfi fjórðungsins, og er allt þar í sama fari í þessu efni, þar sem engar vegalagabreytingar hafa síðan náð fram að ganga. Ástand þessara vega var samkvæmt fyrrgreindri skýrslu þannig: Um 100 km voru taldir óbílþærir, nál. 285 km ruddir vegir, sem töldust bílþærir sumarmánuðina, og um 100 km upphlaðnir vegir, sumir gamalgerðir, og margir þeirra þola ekki hina sívaxandi umferð hinna þungu bíla og aðrir óþærir í fyrstu snjóum sökum þess, hve þeir hafa verið lítið uppbyggðir.

Miklar umbætur í vegamálum austanlands eru því mjög aðkallandi og þola ekki lengri bið en orðið hefur nú um allmörg ár, og má öllum vera ljóst, að sveitar- og sýslufélögunum er það verkefni algerlega ofvaxið.

Munu tillögur þær, sem í þessu frv. felast, geta orðið til nokkurra bóta, sérstaklega ef aftur yrði horfið að hinni fyrri leið og henni hraðað frá því, sem áður var, að létta sem fyrst að mestu af sýslum og sveitarfélögum uppbyggingu á þeim leiðum, sem nú eru kallaðar sýslu- og hreppavegir. Má þá segja, að við væri brugðizt eins og vera ber, og verður því að vænta þess, að þetta frumvarp fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi.